

## NÝ SAMTÖK VERÐA TIL

### Ágrip frá framkvæmdastjóra

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra. SSNE gefa nú út sitt fyrsta fréttabréf. Stefnt er að því að gefa slíkt rafrænt fréttabréf út í lok hvers mánaðar þar sem við förum í stuttu máli yfir þau helstu mál og verkefni sem við fáumst við á hverjum tíma. Markmiðið með útgáfu fréttabréfsins er að upplýsa sveitarfélögin sem að SSNE standa og aðra hagaðila um starfsemina. Einnig að koma á framfæri upplýsingum og tilkynningum.

SSNE varð til 1. janúar á þessu ári þegar landshlutasamtökin Eyþing, Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga voru sameinuð í eitt félag. Í samþykktum fyrir SSNE segir að markmið með starfsemi SSNE sé að efla Norðurland eystra sem eftirsótt til búsetu og atvinnu. Stofnun félagsins byggir á faglegum ávinningi, auknum slagkrafti, skilvirkari vinnu og auknum sóknarfærum til að auka fagþekkingu innan stoðstofnana á starfssvæðinu. „SSNE skal vera sterkur bakhjarl aðildarsveitarfélaga í sameiginlegum málum þeirra og stuðla að góðu mannlífi, lifandi menningarlífi og öflugri atvinnustarfsemi á starfssvæðinu.“ Þá kveða samþykktir fyrir SSNE á um hlutverk félagsins sem er að þjónusta sveitarstjórnir og atvinnulíf á starfssvæðinu til að ná markmiðum sem nánar eru tilgreind í samþykktunum.

Framkvæmdastjóri, Eyþór Björnsson, var ráðinn í janúar og hófst strax handa við undirbúning brýnna verkefna og sinnti starfinu í hlutastarfi út febrúar þegar hann kom í fullt starf. Áhersla hefur verið lögð á að samræma og sameina tækniinnviði svo sem tölvupóst, dagbækur, skráningu og skjölun. Sú vinna er vel á veg komin og er Microsoft Teams okkar aðal samskiptavettvangur.

Við erum einnig að samræma vinnubrögð, þróa frekar samstarf starfsmanna og samnýta þekkingu og krafta starfsfólksins. Við áttum góðan starfsdag á Húsavík í byrjun mars þar sem við förum yfir högun gagna og skjölun. Einnig fengum við góða kennslu á Teams og fleiri tæknilausnir, ræddum hlutverk Facebook og heimasíðu. Samstarfsaðili okkar í tæknimálum er Tryggvi R. Jónsson hjá Trigger ráðgjöf sem heldur utan um verkefnið auk þjónustuaðila þeirra sem vinna fyrir félagið. Einnig er tæknibúnaður skoðaður og er búið að endurnýja fjarfundarbúnað á Húsavík og setja upp ásamt stórum fundarskjá o.fl.

Hjá SSNE liggur mikil þekking og reynsla og mikil tækifæri fólgin í þeirri samlegð sem sameiningunni fylgir. Starfsfólkið sem hér starfar hefur áralanga reynslu af þeim verkefnum sem þau sinna hvort heldur sem er á vettvangi atvinnuþróunar og -ráðgjafar, nýsköpunar, menningar og lista sem og hagsmunagæslu fyrir sveitarfélög og aðila í landshlutanum. Mikil tækifæri felast í því að samþætta þessa yfirgripsmiklu þekkingu og fullnýta einnig innviði félagsins. Með þessu myndast einnig skemmtileg tenging á milli byggðasvæða þvert á allt svæðið og gefur tækifæri til að efla samvinnu.

Sett var upp starfsáætlun um sameiningarverkefnið, bæði þriggja mánaða áætlun og einnig 6 mánaða áætlun. Eru margir verkþættir á áætlun en hins vegar hefur það ástand sem fylgir COVID 19 faraldrinum haft veruleg áhrif á framvindu verkefna upp á síðkastið. Er það meðvitað gert því SSNE hefur sett stuðning við sveitarfélögin á svæðinu og atvinnulífið í allan forgang núna. Því má gera ráð fyrir því að sameiningaráætlunin raskist nokkuð.

Myndin hér fyrir neðan er tekin á starfsdeginum okkar á Húsavík í byrjun mars.

Frá hægri eru Ólafur Áki Ragnarsson, Helga María Pétursdóttir, Silja Jóhannesdóttir, Nanna Steina Höskuldsdóttir, Eyþór Björnsson, Charlotta Englund, Sigmundur Einar Ófeigsson, Baldvin Valdemarsson, Elva Gunnlaugsdóttir, Reinhard Reynisson og Ari Páll Pálsson. Á myndina vantar Vigdís Rún Jónsdóttur.



# KYNNING Á VERKEFNUM SSNE

## HVAÐ ER BIZMENTORS?

### SSNE er þátttakandi í NPA verkefninu Bizmentors

Bizmentors módelið var sett af stað í Galway á Írlandi árið 2012 til að vinna gegn neikvæðri samfélagsþróun sem fólst í miklu atvinnuleysi og einnig var samfélagið að berjast við aðrar afleiðingar fjármálahrunsins.

SCCUL sem er samfélagsþróunarmiðstöð í Galway hleypti verkefninu af stað og núna sjö árum seinna er verkefnið alltaf að stækka og þátttakendur ánægðir með afraksturinn. Bizmentors felst í að para fólk úr atvinnulífínu (mentora) við frumkvöðla eða aðra sem vilja þróa eitthvað innan fyrirtækis hjá sér á markvissan og skipulagðan hátt.

Árið 2018 fengu fjögur lönd: Írland, Norður-Írland, Finnland og Ísland, stóran styrk úr Norðurslóðaáætluninni til að útfæra módelið í viðkomandi löndum á afmörkuðu svæði til að byrja með. Á Íslandi fara með verkefnastjórnun Embla Eir Oddsdóttir hjá Norðurslóðaneti Íslands og Silja Jóhannesdóttir hjá SSNE með stuðningi frá Elvu Gunnlaugsdóttur hjá SSNE. Módelið verður prófað á Norðausturhorni landsins. Vinnuhópurinn er búinn að hittast fjórum sinnum síðan verkefnið byrjaði en mánaðarlega eru fjarfundir til að halda utan um framvinduna.

Fyrsta skrefið er að prófa módelið eins og það er í dag á svæðunum og er sú vinna í gangi í dag. Einnig er verið að þróa hugbúnað sem getur gert þessa þörun sjálfvirka og sjálfbæra og haldið utan um ferlið. Þannig er hægt að gera módelið óháð mikilli aðkomu verkefnisstjóra og einnig aðgengilegt hvar sem er þar sem internet finnst. Verkefnið er til þriggja ára.

Á hverju svæði fyrir sig var myndaður ráðgjafahópur sem samanstendur af aðilum úr atvinnulífínu og stoðstofnunum til að vera verkefnastjóra innan handar bæði til að tengjast mentorum og einnig til ráðgjafar varðandi verkefnið í heild. Þessi stýrihópur mun hittast tvisvar á ári.

Á myndinni má sjá frá vinstri, Ian Branningan, forstöðumann svæðisþróunar hjá Western Development Commission í Írlandi, Emblu Eir Oddsdóttur, forstöðumanns Norðurslóðanets Íslands, Silju Jóhannesdóttur verkefnastjóra SSNE og Annette Hassett verkefnastjóra hjá SCCUL í Írlandi.



## ALMENNT UM VERKEFNIN

### Starfsfólk sinnir ýmsum verkefnum- tímabundnum og ótímabundnum

Starfsfólk samtakanna sinnir fjölbreyttum verkefnum og ómögulegt væri að telja upp öll verkefni sem lenda inná borðum starfsmanna en í komandi fréttabréfum verður sagt frá helstu verkefnum. Í þessu fréttabréfi er sérstaklega veitt innsýn inn í Bizmentor sem fékk styrk úr Norðurslóðaáætlun og er í samvinnu við þrjú evrópulönd.

Af almennum verkefnum mætti nefna hagsmunagæslu fyrir svæðið allt, umsjánnir um lagafrumvörp og ýmsa skýrsluvinnu fyrir sveitarfélög oft í samvinnu við aðrar stofnanir. Ýmis ráðgjöf er veitt til einstaklinga, frumkvöðla, fyrirtækja og sveitarfélaga á svæðinu. Starfsfólk leggur sig fram að vera í góðum persónulegum samskiptum við sem flesta og eru til þjónustu reiðubúin.

Allt viðkomandi umsýslu og eftirfylgni með Uppbyggingarsjóði og áhersluverkefnum sóknaráætlunar Norðurlands eystra liggur hjá samtökunum, þeim verkefnum fylgir oft mikil ráðgjöf og hugmyndir verða oft að stórum verkefnum. Sóknaráætlun Norðurlands eystra hefur þrjár meginstoðir, atvinna og nýsköpun, menning og umhverfismál. Starfsfólk hefur einnig beitt sér fyrir margvíslegri fjármögnun inn á svæðið og núna er verið að huga að kynna hóp fjármögnun sérstaklega. Í núverandi

SSNE ætlar sér að standa fyrir fjölbreyttum málþingum og ráðstefnum og má það sérstaklega nefna ráðstefnu um úrgangsmál á Norðurlandi sem fór fram 1. apríl á netinu.

Þrjú verkefni undir hatti Brothættra byggða eiga heima hjá SSNE. Glæðum Grímseym Betri Bakkafjörður og Öxarfjörður í sókn. Þá er nýlökkið tveim verkefnum af þeim meiði Raufarhöfn og framtíðin og Hrísey- Perla norðursins.



## COVID UPPLÝSINGASÍÐA

Starfsfólk SSNE tók saman upplýsingasíðu miðaða að atvinnurekendum varðandi úrræði ríkis, sveitarfélaga og annarra stofnana til að komast til móts við rekstrarvanda sem skapast getur vegna Covid. Markmiðið er ekki endurskrifa allt það efni sem til er á netinu heldur að vera veita inn á viðeigandi úrræði. Síðuna má finna [hér](#).

## LANDSSTÓLPINN 2020

### SSNE sendi tvær tilnefningar vegna Landsstólpans 2020- Þórodd Bjarnason og N4

N4 Sjóntorp er eini fjölmiðill landsins, utan netmiðla, sem er með höfuðstöðvar sínar og ritstjórn utan höfuðborgarsvæðisins. N4 ehf. var stofnað árið 2006 og hefur lagt áherslu á heimilislega, metnaðarfulla, fræðandi og skemmtilega íslenska dagskrárgerð, þar sem landsbyggðirnar eru í öndvegi. N4 rekur tvo miðla; N4 Dagskrá og N4 Sjóntorp, en þeim sinna að jafnaði um 12 starfsmenn. Einnig rekur fyrirtækið grafíska hönnunardeild og framleiðsludeild þar sem framleitt er innlent sjónvarpsefni, kynningar- og auglýsingaefni.

Dagskrárlíðir N4 eru margir og fjölbreyttir og má þar helst nefna:

Að norðan, Að sunnan, Að austan og Að vestan, Landsbyggðir, Norðlensk jarðgöng, Sókn til framtíðar, Umræðuþættina Úr norðrinu og Sókn að norðan

Í gegnum fræðandi og líflugar þáttaraðir hefur N4 fengið til sín fjölda gesti af landinu sem hafa átt þátt í að kynna málefni landsbyggðarinnar með ólíkum hætti. N4 hefur stuðlað að því að íbúar landsins upplifi jákvæða ímynd af landsbyggðunum og sjái þær sem ákjósanlegan búsetukost til frambúðar.

Þóroddur Bjarnason er prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri og formaður Vísindaráðs Háskólans á Akureyri. Hann hefur stýrt rannsóknarverkefnum á borð við Samgöngur og byggðapróun, Svæðisbundin áhrif íslenskra háskóla, Orsakir búferlaflutninga á Íslandi og er í dag að stýra rannsókninni Byggðafesta og búferlaflutningar. Hann hefur verið formaður stjórnar Byggðastofnunar og leiddi starfshóp sjávarútvegsráðherra um endurskoun á byggðakvótakerfinu.

Hann hefur með rannsóknum sínum beint sjónum yfirvalda í auknum mæli til landsbyggðanna og einnig elft meðvitund almennings á mikilvægi rannsókna til framþróunar.

Aðferðafræði hans er aðgengileg og hann hefur meðal annars í nokkur ár haldið úti facebook síðunni „Umræður um byggðapróun“.

Með allri sinnu vinnu hefur hann aukið meðvitund stjórnvalda og íbúa á mikilvægi þess að nálgast byggðapróun faglega. Einnig hefur hann varpað ljósi á hversu miklu máli landsbyggðirnar skipta Ísland í heild og að jákvætt sé að efla þær öllum til heilla.

## LÓGÓIÐ- MYNDMERKIÐ

Myndmerki SSNE er hannað af Effekt hönnun og í lýsingu frá hönnuði segir um hugmyndina: „Norðlensk fjöll veittu innblástur við hönnunina: Sterk náttúruöfl, svipmikil náttúra og kröftugt fólk sem með samheldni og samhentu átak kemur hlutunum til leiðar.“ Það er stór áfangi að félagið sé komið með „andlit“ og þetta lífliga lógó verður okkar einkenni til framtíðar.



## ATHUGIÐ- AÐALFUNDI FRESTAÐ!

Í ljósi þeirrar stöðu sem uppi er í samfélaginu vegna CODVID-19 veirunnar hefur stjórn SSNE í samráði við fulltrúa allra aðildarsveitarfélaga ákveðið að fresta fyrirhuguðum aðalfundi sem átti að fara fram í lok apríl. Þess í stað verður boðað til aðalfundar í september.